

AUGLÝSING

**um breytingu auglýsingar nr. 901/2002 um takmörkun
á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum,
og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Tyrklandi.**

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi liður:

- Mjöl, fín- og grófmalað, og duft af heslihnetum, fíkjum og pistasíum sem falla undir tollskrárnúmer 1106.3000.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (ákvörðun 2003/552/EB).

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 24. nóvember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.